

AUGLÝSING

um friðlýsingu hverastrýta á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur, að tillögu Umhverfisstofnunar, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og með samþykki sveitarfélagsins Arnarneshrepps ákveðið að friðlýsa hverastrýtur á botni Eyjafjarðar norður af Arnarnesnöfum sem náttúrvætti í samræmi við 2. tölulið 53. gr. og 54. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Við ákvörðun um friðlýsingu þessa er meðal annars höfð hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Ríó de Janeiró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og lífríki, líffræðilega fjölbreytni og einstök náttúrufyrirbrigði sem felst í myndun hverastrýtnanna, efna-samsetningu, últiti og lögum, þ.m.t. örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður. Hverastrýturnar eru allt að 10 metra háar og standa á 25 - 45 metra dýpi. Verndargildi strýtanna felst einnig í fjölbreytileika þeirra og sérlega miklu lífríki sem hefur hátt vísinda-, fræðslu- og verndargildi.

3. gr.

Mörk náttúrvættisins.

Mörk náttúrvættisins eru sýnd á meðfylgjandi töflu og hnittsettum uppdrætti, en þar sem mörkin liggja næst landi er miðað við netlög, þ.e. 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Stærð náttúrvættisins er 101 ha.

| | Gráður | | ISN93 | |
|----|--------------|-------------|--------|--------|
| | N-læg breidd | V-læg lengd | y-hnit | x-hnit |
| Nv | 65°52'50" | 18°14'00" | 598389 | 534971 |
| Na | 65°52'50" | 18°13'00" | 598398 | 535734 |
| Sa | 65°51'55" | 18°13'00" | 596693 | 535755 |
| Sv | 65°52'03" | 18°14'00" | 596933 | 534991 |

4. gr.

Verndun jarðmyndana, gróðurs, dýralífs o.fl.

Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum eða öðrum náttúruminjum á og við strýturnar og innan náttúrvættisins.

5. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Arnarneshrepps.

Öll efnistaka í nágrenni við strýturnar og innan marka náttúrvættisins er óheimil.

Hvers konar eldi sjávarfangs er óheimil innan marka verndarsvæðisins.

Nr. 510

10. maí 2007

6. gr.

Veiðar.

Allar veiðar eru bannaðar innan marka náttúruvættisins.

7. gr.

Umferð.

Heimilt er að kafa við bauju/merktan köfunarstað við hverastrýtu á stað $65^{\circ}52'15\ 60''N$ - $18^{\circ}13'13\ 02''V$, (ISN93 535582 597331).

Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins og einnig er óheimilt að setja hvers konar festingar eða merki við eða á hverastrýturnar.

8. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til rannsókna, vöktunar og sýnatöku í tengslum við rannsóknir að fenginni umsögn samráðsnefndar.

9. gr.

Umsjón náttúruvættisins o.fl.

Til ráðuneytis um verndun og umsjón náttúruvættisins skal skipuð samráðsnefnd og tilnefna sveitarstjórn Arnarneshrepps, Hafrannsóknastofnun, Siglingastofnun, Hafnarsamlag Norðurlands, fulltrúi áhugakafara á Norðurlandi og Umhverfisstofnun einn fulltrúa hver.

10. gr.

Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Arnarneshrepps, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum.

11. gr.

Refsiákvaði.

Brot gegn reglum 4.-8. gr. friðlýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. maí 2007.

Jónína Bjartmarz.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Hnit og staðsetning friðlysts náttúrvættis við Arnarnesstrýtur
í Eyjafirði norður af Arnarnesnöfum.

